

Fagráð í hrossarækt

106. fundur

Staður og stund: Teamsfundur, þriðjudaginn 8. nóvember 2022. Kl. 17.00

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Sveinn Ragnarsson, Sýlvía Sigurbjörnsdóttir, Gunnar Kristinn Eiríksson, Mette Mannseth. Erlendur Árnason og Elsa Albertsdóttir.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Stofnverndarsjóður
 - Umsókn Bjarna Þorkels – rætt á næsta fundi
 - Fundargerð liggur fyrir – hver eru viðbrögð BÍ – senda út svarbréf
 - Auglýsa næstu styrki í næsta Bændablaði
3. Ráðstefna fagráðs í hrossarækt 2022
 - Tilnefnd ræktunarbú
 - Heiðursverðlaunahryssur – 20 talsins – endurmeta viðmið í vor
 - Fyrstu verðlaunahestar
 - Landsmót – dómur eða kynning á hrossum
 1. Þarf að undirbúa spurningar – setja út á vefmiðla, bændablaðið
4. Önnur mál.

1. Fundarsetning

Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólki velkomið. Þetta er stuttur framhaldsfundur sér í lagi um ráðstefnu Fagráðs sem haldin verður haldin 20. nóvember næstkomandi.

2. Stofnverndarsjóður

Huga þarf að auglýsa eftir umsóknum í desemberúthlutun sjóðsins sem fyrst.

3. Ráðstefna fagráðs í hrossarækt 2022

Endanleg dagskrá ráðstefnu Fagráðs í hrossarækt 20. nóvember næstkomandi liggur nú fyrir og einnig þær spurningar varðandi framtíð aðkomu kynbótahrossa á landsmótum. Þær eru eftirfarandi:

1. Hver er tilgangur með þátttöku kynbótahrossa í landsmótum.
2. Hvernig kynnum við ræktunarstarfið best.
3. Hvernig á aðkoma kynbótahrossa að landsmótum vera.

4. Hver er kostur þess að dæma hross á landsmótum að öllu leiti eða hluta / blönduð leið.

Þorvaldur Kristjánsson mun halda stutta yfirferð um Landsmót fyrr og nú sem inngang að vinnustofu ráðstefnugesta sem munu fjalla um spurningarnar vítt og breitt.

Þá var farið yfir lokaniðurstöðu þeirra búa sem hljóta í ár tilnefningu til ræktunarbúa.

4. Önnur mál

Ekki voru önnur mál tekin fyrir.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 19:00

Við pennann: Elsa Albertsdóttir